

Skólanámskrá Snælandsskóla



Skólanámskrá Snælandsskóla byggir á lögum, reglugerðum, aðalnámskrá grunnskóla og skólastefnu Kópavogsbæjar. Hún leitast við að laga opinber fyrirmæli að sérstöðu skólans og þeim staðbundnu áherslum sem hér er að finna ásamt því að gera grein fyrir hvernig þær eru nýttar til að efla nám og kennslu.

Efnisyfirlit

Starfsemi skólans frá stofnun hans og helstu atriði í þróun skólans frá upphafi.....	3
Stefna skólans; gildi, uppeldis- og kennslufræðileg stefna og kennsluhættir	4
Útfærsla skólans á grunnþáttum í menntum og áherslupáttum grunnskólalaga	6
Læsi.....	6
Sjálfbærni	6
Heilbrigði og velferð	6
Lýðræði og mannréttindi.....	7
Sköpun	7
Jafnrétti	7
Áherslupættir grunnskólalaga	8
Markmið náms í ljósi ákvæða aðalnámskrár.....	9
Námsmat skólans og vitnisburðarkerfi.....	10
Mat á hæfni	10
Mat á lykilhæfni.....	12
Innra mat á árangri og gæðum.....	12
Áætlanir um umbætur og þróunarstarf	13
Samstarf heimila og skóla, upplýsingarmiðlun	13
Samstarf leikskóla og framhaldsskóla, móttöku- og tilfærsluáætlun	14
Tengsl skóla við nærsamfélagið og hvernig nýta má það til náms og þroska	14
Áætlanir	15

Starfsemi skólans frá stofnun hans og helstu atriði í þróun skólans frá upphafi

Snælandsskóli er heildstæður grunnskóli fyrir 400 – 500 nemendur. Í skólanum eru nemendur í 1. – 10. bekk.

Snælandsskóli var stofnaður 1. september 1974. Skólinn var fyrst til húsa í Digranesskóla en 28. október það sama ár fékk skólinn eigið húsnæði sem voru þrjár lausar kennslustofur og kennarastofa. Fyrsta skólaárið voru nemendur 113 talsins á aldrinum 6-8 ára og var skólinn tvísetinn. Þegar fjöldi nemenda var hvað mestur voru rúmlega 600 nemendur í skólanum og hann þá þrísetinn. Skólinn var frá upphafi hugsaður sem heildstæður grunnskóli og vorið 1982 útskrifaðist fyrsti árgangur skólans úr þáverandi 9. bekk. Núverandi skólahúsnæði var byggt í nokkrum áföngum og átti skólinn að heita fullbyggður árið 2003. Við stofnum Snælandsskóla var ákveðið að hann skyldi starfa samkvæmt hugmyndafræði um opinn skóla og voru fyrstu byggingarálmur skólans hannaðar samkvæmt þeirri stefnu og kenningum. Ýmsar ytri aðstæður gerðu það að verkum að skólastarfið þróaðist í aðra átt en stefnt var að í upphafi og má segja að nýrri álmur skólans séu hannaðar þvert á þessa hugmyndafræði. Engu að síður er í dag reynt að fylgja hugmyndafræði um opinn skóla í gegnum teymisvinnu kennara og nemenda innan hvers árgangs og nemendur vinna í blönduðum hópum innan árgangs með ýmsum hætti.

Á fyrstu starfsárum skólans var mikil áhersla lögð á þemaverkefni og opnar vikur. Starfið í skólanum þróaðist smám saman í það sem kallað var meðal starfsfólks „opið, samvirkt og sveigjanlegt“ skólastarf. Í því fólst meðal annars blöndun árganga, fyrst 8 og 9 ára barna, síðan 6, 7 og 8 ára barna og síðar aftur 8 og 9 ára barna. Árið 2002 var sérdeild stofnuð við skólann sem kallast Smíðja og tekur hún við nemendum á unglingastigi úr Kópavogi sem eru með sértækan námsvanda.

Ávallt hefur tekist að halda í marga sem einkenndi skólann á fyrstu starfsárum hans og hefur skólastarfið ætíð verið þróttmikið og metnaðarfullt og segja má að í skólanum sé stöðugt þróunarstarf í gangi sem hefur það að markmiði að gera gott nám betra.

Foreldrafélag var stofnað við skólann 1977 og hefur það ætíð verið öllu skólastarfinu til styrktar.

Skólaþróun er mikilvægur hluti af menningu skólans. Fjölmörg verkefni hafa verið sett af stað í skólanum í gegnum tíðin sem liður í þróun og nýbreytni í kennsluháttum. Þar má t.d. nefna: *Heilsuefning, Tónlist og lífsleikni, Ferilskrá - Líðan í skóla, Umhverfisáætlun, Sveigjanleiki og samkenndsla á yngsta stigi* og *Sýnileg námsmarkmið*. Þá hefur verið unnið að fleiri verkefnum svo sem *Sveigjanleiki á unglingastigi, Lesum saman korter á dag, Flæði á miðstigi, Karakter*, áhugasviðstímar og sjálfstæðir vinnutímar á unglingastigi.

Sífelld er verið að þróa kennsluaðferðir og námstækni sem gagnast nemendum til að ná árangri í námi og vinna með verkefni sem stuðla að góðum skólabrag og þroska í samskiptum. Þeirri vinnu lýkur aldrei.

Stefna skólans; gildi, uppeldis- og kennslufræðileg stefna og kennsluhættir



Snælandsskóli er framsækinn skóli sem byggir starf sitt og þróun á reynslu og rannsóknum. Nemendur og hagsmunir þeirra eru ávallt í fyrsta sæti og við leggjum áherslu á að nemendur byggji upp sjálfstraust og sjálfsaga sem nýtist þeim í hvers kyns aðstæðum seinna meir.

Eitt af undirmarkmiðum heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna sem Kópavogsbær hefur valið sem grundvöll fyrir sinni stefnu er *Menntun fyrir alla*. Snælandsskóli horfir til þess og leggur sig fram við að tryggja öllum jafnan aðgang að góðri menntun og tækifærum til náms meðal annars með því að hlúa að friðsamlegri menningu, með mannréttindum, kynjajafnrétti og menningarlegri fjölbreytni.

Þá er það stefna skólans að skólastarfið einkennist af góðum skólabrag sem grundvallast á gagnkvæmu trausti og virðingu í öllum samskiptum. Gildi skólans koma fram í einkunnarorðum hans og eiga að skipa stóran sess í öllu starfi skólans en einkunnarorðin eru *Viska – Virðing – Viðsýni – Vinsemd*.

Snælandsskóli vinnur í anda uppbyggingarstefnu og vill að samskipti einkennist af umhyggju og almennum mannasiðum. Við leggjum áherslu á að nemendur taki ábyrgð á sjálfum sér og hegðun sinni. Til þess notum við aðferðir sem helgast af fyrirbyggjandi starfi og samræðum til dæmis á bekkjarfundum sem haldnir eru reglulega í öllum árgöngum. Viðbrögð við óæskilegri hegðun eru uppbyggileg og reynt er að leiðbeina nemendum á jákvæðan hátt hvernig þeir geta brugðist við árekstrum í ólíkum aðstæðum.

Snælandsskóli er í hópi þeirra skóla sem flagga Grænfánanum og er þar með skóli á grænni grein. Grænfáninn er veittur til tveggja ára í senn og er viðurkenning fyrir vinnu skólans að umhverfismálum. Skólar á grænni grein er alþjóðlegt verkefni til að auka umhverfismennt og styrkja umhverfisstefnu í skólum, eins og segir á heimasíðu Landverndar en þar er hægt að lesa nánar um Grænfánann, m.a. um skrefin 7, sem skólar þurfa að stíga til þess að fá fánann. Árið 2021 varð Snælandsskóli fyrstur skóla í Kópavogi að réttindaskóla Unicef. Það felur í sér að unnið sé með barnasáttmálann í öllu skólastarfi auk heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna og einnig felur það í sér aukna lýðræðislega þátttöku nemenda. Við skólann starfar réttindaráð sem fundar um ýmis mál sem snúa að nemendum og skólanum og skilar ráðið úrbótaáætlun til skólastjórnenda reglulega sem farið er yfir með réttindaráðinu.

Í Snælandsskóla hefur verið unnið eftir áætlun Olweusar gegn einelti frá árinu 2002 og var skólinn einn af fyrstu skólunum til að taka upp áætlun Olweusar gegn einelti. Við skólann starfar Olweusarteymi sem starfsmenn geta alltaf leitað til ef þá grunar að einelti eigi sér stað innan skólans og eins ef þeir þurfa aðstoð við að vinna í eineltismálum.

Aðgerðir gegn einelti fela ekki bara í sér inngrip þegar upp koma eineltismál heldur skipta forvarnir og fræðsla jafn miklu máli. Liður í því er að halda reglulega bekkjarfundi og þurfa allir kennarar skólans að vera tilbúnir til að halda slíka fundi en sérstaklega mikilvægt er að umsjónarkennarar haldi slíka fundi reglulega með sínum umsjónarnemendum.

Kennsluhættir

Við lítum svo á að leiðin til árangurs hjá nemendum er í gegnum leiðsagnarnám. Hefðbundin próf við lok yfirferðar geta haft sinn tilgang en árangur og bæting hjá nemendum fæst í gegnum leiðsögn meðan á námsferlinu stendur. Tíð endurgjöf, tækifæri til að bæta, laga og gera betur eru einna mikilvægustu þættirnir í námi og að læra af mistökunum getur verið mikilvægara fyrir nemandann en að fá einungis útlistað hvað hann gerði rangt og halda svo áfram í næsta efni. Engu að síður er reglulegt stöðumat líka notað til að kanna hvaða hæfni, færni og þekkingu nemandi hefur náð að tileinka sér.

Auk leiðsagnarnáms leggur skólinn áherslu á að efla sjálfstæði nemenda auka ábyrgð þeirra á eigin námi og er það meðal annars gert í gegnum sjálfstæða vinnutíma sem eru hluti af náminu á unglingastigi. Í Snælandsskóla er viljum við fá nemendur til að líta á nám sem tækifæri til að bæta sig og stefnum við á að útskrifa nemendur með sterka sjálfsmynd og jákvætt hugarfar til náms þannig að þeir vilji halda áfram að nema og læra út lífið.

Í Snælandsskóla er teymiskennsla og -vinna áberandi. Í árgöngum er ekki um eiginlega bekkir að ræða heldur sameinast kennarar um umsjón með árgangi og skiptingar í hópa innan árgangs eru breytilegar eftir námsgreinum og/eða tímabilum.

Kostirnir og markmið með teymiskennslu eru að:

- nýta sérhæfingu hvers og eins kennara mun betur.
- flæði nemenda getur verið þvert á hópa og ýtt undir vinatengsl í öllum árgöngum.
- gagnkvæmur stuðningur er við agamál.
- námsmat verður samræmdara.
- það verður meiri fjölbreytni í kennslunni.
- hægt er að hafa smærri hópa og mæta ólíkum þörfum nemenda.
- meiri fjölbreytni verður í verkefnum, þar sem fleiri koma að skipulagi kennslunnar.

List- og verkgreinar eru kenndar í smiðjum. Þar er lögð áhersla á handverk, sköpun, nýsköpun og frumkvöðlahugsun í margvíslegri mynd og vinnu með ýmis konar tækni, gamla og nýja. Þá er list- og verkgreinum líka fléttað inn í þemavinnu og aðra vinnu eins og hægt er. Loks má nefna að stór þáttur í sviðslistum eru söngleikir sem settir eru upp árlega í 3., 4. og 6. bekk þar sem nemendur þjálfast í framkomu, samvinnu, dansi og söng.

Útfærsla skólans á grunnþáttum í menntum og áherslupáttum grunnskólalaga

Sex þættir eru skilgreindir sem grunnþættir í íslenskri menntastefnu en þeir eru *læsi, lýðræði, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, sköpun og jafnrétti*.

Læsi

Læsi í víðtækum skilningi nær til talaðs máls, lesturs og lesskilnings, bókmennta, hlustunar og áhorfs, ritunar og málfræði og loks stafræns læsis. Í hinni almennu merkingu orðsins *læsi* er „átt við þá færni að *geta lesið* ritað mál og skilið það“ eins og segir á lesvef Menntavísindasviðs HÍ sem unnin er í samstarfi við Menntamálaráðuneytið. Þar er enn fremur fjallað um lesfimi og lesskilning sem eru þættir sem mestu máli skipta þegar kemur að því að vera *læs* í almennum skilningi.

- *Lesfimi* er færni sem byggir á nákvæmni, sjálfvirkni og hrynænum þáttum tungumálsins, en allir þessir þættir stuðla að auknum lesskilningi. Hún birtist í sjálfvirkum fyrirhafnarlausum lestri sem lesinn er í viðeigandi hendingum (phrasing) og með réttu hljómfalli (intonation). Lesfimi er mikilvæg við upplestur og hljóðlestur og getur bæði takmarkað og stutt við lesskilning.
- *Lesskilningur* er undir áhrifum af lestrarfærni (umskráningarfærni) lesandans og er færni sem byggir á orðaforða og málskilningi einstaklingsins. Um er að ræða hæfni til að skilja ólíka texta í mismunandi samhengi og frá mismunandi sjónarhornum.

Í Snælandsskóla er áhersla á að lestrarkennsla fari fram í öllum bekkjum grunnskólans og að hún sé tengd við sem flestar námsgreinar. Nánari umfjöllun er að finna í læsisáætlun skólans sem er á heimasíðu Snælandsskóla en hún byggir m.a. á læsisstefnu Kópavogsbæjar.

Sjálfbærni

Sjálfbærni felur í sér virðingu fyrir umhverfinu, ábyrgð, heilbrigði, lýðræðisleg vinnubrögð og réttlæti, ekki bara í nútíma heldur og gagnvart komandi kynslóðum. Kennsla og starfshættir innan skólans skulu fléttast saman við það viðhorf að markmið menntunar sé geta til aðgerða. Í því felst þjálfun í lýðræðislegum vinnubrögðum, gagnrýnni hugsun og því að stuðlað sé að áhuga og vilja til þess að börnin og ungmenntin taki þátt í samfélaginu og þannig getur Snælandsskóli tekið þátt í að skapa samábyrgt og sjálfbært samfélag.

Heilbrigði og velferð

Skólastarfið í Snælandsskóla á að efla heilbrigði og stuðla markvisst að velferð og vellíðan. Í skólanum er stefnt á að skapa jákvæðan skólabrag og heilsueflandi umhverfi þar sem markvisst er hlúð að þroska og heilbrigði frá ýmsum hliðum. Helstu þættir heilbrigðis sem leggja þarf áherslu á eru: jákvæð sjálfsmynd, hreyfing, næring, hvíld, andleg vellíðan, góð

samskipti, öryggi, hreinlæti, kynheilbrigði og skilningur á eigin tilfinningum og annarra. Þar gegnir starfsfólk skólans miklu hlutverki sem fyrirmyndir.

Lýðræði og mannréttindi

Snælandsskóli leggur áherslu á að rækta það viðhorf hjá nemendum að samfélagið eigi að vera lýðræðislegt og einstaklingarnir gagnrýnir og með framtíðarsýn. Forsenda lýðræðis er samábyrgð, meðvitund og virkni borgaranna sem gerir þá færa um að taka þátt í að móta samfélag sitt og hafa áhrif nær og fjær. Gert er ráð fyrir því að nemendur læri til lýðræðis með því að læra um lýðræði í lýðræði, enda bíður nemenda það hlutverk að taka þátt í lýðræðissamfélagi að lokinni skólagöngu. Í gegnum UNICEF vinnu skólans leggur skólinn áherslu á lýðræðislega þátttöku nemenda í tengslum við skólastarfið meðal annars á skólaþingi, þátttöku á Barnaþingi o.fl. en auk þess byggist lýðræðis- og mannréttindamenntun í skólanum á gagnrýnni hugsun og ígrundun um grunngildi samfélagsins.

Sköpun

Í Snælandsskóla horft á að sköpun felur í sér að móta viðfangsefni og miðla þeim, búa til, gera eitthvað nýtt eða öðruvísi en viðkomandi kann eða hefur gert áður. Sköpun er að uppgötva, njóta, örva forvitni og áhuga, virkja ímyndunarafl og leika sér með möguleika. Sköpun byggist á forvitni, áskorun, spennu og leit, en glíman við viðfangsefnið og það að finna lausn getur verið umbun sköpunarinnar í sjálfu sér. Þannig er hægt að fletta sköpun inn í allt skólastarf Snælandsskóla.

Jafnrétti

Markmið jafnréttismenntunar er að skapa tækifæri fyrir alla nemendur til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og lifa ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi í anda skilnings, friðar, umburðarlyndis, víðsýni og jafnréttis. Í skólastarfinu er stefnt á að skapa samfélag jafnréttis og réttlætis. Jafnréttismenntun felur í sér gagnrýna skoðun á viðteknum hugmyndum í samfélaginu og stofnunum þess í því augnamiði að kenna börnum og ungmennum að greina þær aðstæður sem leiða til mismununar sumra og forréttinda annarra. Nemendur hljóta fræðslu um jafnréttismál þar sem m.a. sé lögð áhersla á að búa kynin undir jafna þátttöku í samfélaginu, svo sem í fjölskyldu- og atvinnulífi. Hvergi í skólastarfinu, í inntaki né starfsháttum, ættu að vera hindranir í vegi kynjanna. Mikilvægt er að í öllu skólastarfi, jafnt í kennslustundum sem í öllum samskiptum, séu þessi ákvæði jafnréttislaga höfð að leiðarljósi. Jafnframt er mikilvægt að draga fram að ýmsir búa við margþætta mismunun þegar fleiri slíkir þættir tvinnast saman, til dæmis kyn og fötlun, kynhneigð og þjóðerni, aldur og búseta. Í þessu skyni er eðlilegt að nýta sér í skólastarfinu þekkingu sem nýjar fræðigreinar, svo sem kynjafræði, hinseginfræði, fjölmenningarfræði og fötlunarfræði, hafa vakið athygli á. Undir jafnréttismenntun fellur m.a. nám um kyn og kynhneigð. Með grunnþættinum jafnrétti er

einnig lögð áhersla á að fram fari nám um menningu, þjóðerni, tungumál, trúarbrögð og lífsskoðanir.

Snælandsskóli vill ávallt vera skóli án aðgreiningar þar sem nemendur hafi jafnan aðgang að menntun og að skólastarf mismuni ekki nemendum á grundvelli uppruna, kyns, kynhneigðar, búsetu, stéttar, trúarbragða, heilsufars, fötlunar eða stöðu að öðru leyti.

Áherslupættir grunnskólalaga

Í námi og kennslu ber samkvæmt ákvæði í 24. gr. laga um grunnskóla að hafa áherslupætti sem eru nánari útfærsla á markmiðsákvæði laganna og grunnpáttum í íslenskri menntun. Þeir eiga það flestir einnig sammerkt að vera ekki bundnir við einstakar námsgreinar eða afmarkaða þætti skólastarfs heldur þurfa þeir að vera almennt leiðarljós í allri menntun í grunnskóla, bæði formlegri og óformlegri og í starfsháttum skóla. Snælandsskóli leggur áherslu á eftirfarandi þætti í námi og kennslu og leggur metnað í að útfæra markmiðsákvæði laganna og grunnpætti menntunar í öllu sínu skólastarfi.

- Sjálfsvitund; að nemendur öðlist raunsæja og heilbrigða sjálfsmynd. Það felur í sér að nemendur þekki eigin tilfinningar, þekki sínar sterku og veiku hliðar og hafi trú á eigin getu og hæfni til að takast á við fjölbreytileg viðfangsefni daglegs lífs.
- Siðgæðisvitund eða siðvit; felur í sér að nemendur efli siðferðisþroska sinn og geti sett sig í spor annarra. Tilfinningar og reynsla nemenda gegna lykilhlutverki í þróun siðferðiskenndar þeirra sem felst í því að þeir tileinki sér hvað telst rétt og rangt, gott og slæmt í breytni fólks.
- Félagsvitund, borgaravitund; fela í sér hæfni til að skynja, skilja og bregðast við tilfinningum annarra og hvað í því felst að búa í samfélagi með öðrum. Með borgaravitund er átt við viðhorf og hæfni fólks til að vera virkir þátttakendur í lýðræðislegu samfélagi í samræmi við réttindi sín og skyldur.
- Félagsfærni; miðar að því að geta átt jákvæð og árangursrík samskipti við aðra.
- Líkamlega og andlega velferð; leggja þarf rækt við að leiðbeina nemendum um að temja sér heilbrigða lífshætti og ábyrga umgengni við líf og umhverfi.
- Að öðlast færni í að nýta íslensku í námi, leik og starfi; Leggja ber áherslu á að þjálfar nemendur í íslensku í öllu námi. Þetta gildir jafnt um þá sem eiga íslensku að móðurmáli, þá sem eru af erlendu bergi brotnir og þá sem hafa táknmál að móðurmáli. Allir kennarar eru íslenskukennarar.
- Að efla rökhugsun og gagnrýna hugsun sem og skapandi hugsun og lausnaleit; Nemendur eiga að þjálfast í að rökræða og rökstyðja mál sitt í ræðu og riti.
- Að öðlast sem dýpstán skilning á þeim fyrirbærum sem þeir fást við í námi sínu; Það er m.a. gert með því að leggja áherslu á frjótt, skapandi starf, verklega færni, nýsköpun og frumkvöðlanám þar sem hvatt er til frumkvæðis og sjálfstæðis í vinnubrögðum og hagnýtingu í skólastarfi og daglegu lífi.
- Að jafnvægi sé á milli bóklegs náms og verklegs; Bæði hugur og hönd hafa mikilvægu hlutverki að gegna þegar nemandi eflir með sér alhliða þroska. Þess skal gætt að ekki

halli á verklegt nám þegar skólastarf er skipulagt. Það er gert með því að list- og verkgreinar og skapandi starf skipi veigamikinn sess í skólastarfinu í öllum árgöngum.

- Að gera nemanda kleift að takast á við viðfangsefni daglegs lífs og jafnframt að búa hann undir frekara nám og starf að skyldunámi loknu; Nemendur þurfa að fá tækifæri til að nýta styrkleika sína og áhuga til menntunar og aukins þroska og tengja námið því sem nemendur þekkja heima hjá sér úr eigin nærsamfélagi og í hinum stóra heimi.
- Að námshæfni sé undirstöðupáttur í öllu skólastarfi og byggist á sjálfsskilningi nemanda og feli í sér að þekkja eigin styrkleika og veikleika og að vera fær um að taka ákvarðanir á þeim grunni; Námshæfni felst m.a. í hæfni til að afla þekkingar og leikni eftir margvíslegum leiðum. Nemendur þurfa að ná valdi á þessum leiðum, m.a. með því að ná tökum á tæknimiðlum, öðlast vald á að nýta upplýsinga- og samskiptatækni og kunna að nýta margvíslegar uppsprettur þekkingar með heimildaleit á söfnum og í gagnabönkum af margvíslegu tagi.
- Nemendur verði búnir undir frekara nám og starf með markvissri náms- og starfsfræðslu, víðtækri kynningu á námi sem er í boði að loknu skyldunámi, kynningu á atvinnulífinu og hvernig nám býr fólk undir fjölbætt störf sem bjóðast í samfélaginu.

Markmið náms í ljósi ákvæða aðalnámskrár

Í Snælandsskóla er lögð áhersla á að nemendur njóti réttar til á að stunda nám óháð atgervi og aðstæðum hvers og eins. Þess er því gætt að tækifærin ráðist ekki af því hvort nemandi er af íslensku bergi brotinn eða af erlendum uppruna, þau eru óháð því hvernar stéttar hann er, hvaða trúarbrögð hann aðhyllist, hver kynhneigð hans er, hvernig heilsufari hans er háttað eða hvort hann býr við fötlun eða hverjar aðstæður hans eru. Skólastarfið einkennist af virðingu fyrir rétti allra nemenda til virkrar þátttöku í námssamfélagi skólans óháð atgervi þeirra og stöðu en nemendahópur í grunnskóla er fjölbreyttur og þarfir hans mismunandi. Borin er virðing fyrir fjölbreytileika og mismunandi þörfum, hæfileikum og einkennum nemenda og leggja skal áherslu á að útrýma öllum gerðum mismununar og aðgreiningar í skólum um leið og reynt er að mæta þörfum nemenda sem geta verið ólíkar rétt eins og nemendahópurinn.

Meginhlutverk kennarans er kennslu- og uppeldisfræðilegt starf með nemendum, að vekja og viðhalda áhuga þeirra á námi, veita þeim handleiðslu á sem fjölbreytilegastan hátt og stuðla að góðum starfsanda og vinnufrið meðal nemenda. Þessu hlutverki má einnig lýsa sem forystuhlutverki; að vera leiðtogi í námi nemandans. Þetta felur í sér áherslu á að skapa nemendum frjóar og fjölbreytilegar námsaðstæður. Vönduð kennsla, sem lagar sig að þörfum og stöðu einstakra nemenda í skóla án aðgreiningar, eykur líkur á árangri. Mikilvægt er að kennarar vinni saman að menntun nemenda eftir því sem framast er kostur og að kennsla og uppeldi verði ekki aðgreind allt frá upphafi til loka grunnskóla.

Nemendur þurfa að tileinka sér í daglegu lífi ýmsa þætti til þess að vera virkir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi, þ.á.m. samskiptahæfni, virðingu og umburðarlyndi. Nemendur þurfa að

læra að umgangast hvern annan og allt starfsfólk skóla á jákvæðan hátt í sátt og samlyndi og taka ábyrgð á eigin framkomu og hegðun og virða skólareglur. Í skólanum er lögð áhersla á námsaga og sjálfsaga nemenda. Til þess að svo megi verða ber starfsfólki skóla í hvívetna að stuðla að góðum starfsanda og gagnkvæmri virðingu allra í skólanum í samstarfi við nemendur, foreldra og starfsfólk. Efla skal félagsfærni nemenda með því að skapa þeim tækifæri til virkrar þátttöku í skólastarfi. Jákvæður skólabragur er í eðli sínu forvarnarstarf og getur dregið úr neikvæðum samskiptum, s.s. einelti og öðru ofbeldi. Því leggur Snælandsskóli áherslu á að skapa jákvæðan skólabrag í hverjum skóla og góðan vinnuanda í einstökum bekkjardeildum og námshópum.

Samstarf heimilis og skóla er mikilvægur þáttur í starfi Snælandsskóla. Velferð barna og farsæl námsframvinda byggist ekki síst á því að foreldrar styðji við skólagöngu barna sinn og gæti hagsmuna þeirra í hvívetna, eigi gott samstarf við skóla, veiti skólanum viðeigandi upplýsingar og taki þátt í námi barna sinna og foreldrastarfi frá upphafi til loka grunnskóla. Virk hlutdeild og þátttaka foreldra í námi og starfi barna sinna er forsenda þess að foreldrar geti axlað þá ábyrgð sem þeir bera á farsælu uppeldi og menntun barna sinna.

Námsmat skólans og vitnisburðarkerfi

Snælandsskóli vill hafa leiðsagnarnám að leiðarljósi en auk þess leggjum við áherslu á að nemendur séu metnir jafnt og þétt yfir veturinn og þeim og foreldrum birtar niðurstöður í gegnum námsumsjónarkerfi reglulega.

Við annarskil í janúar og að vori fá nemendur og foreldrar vitnisburðarblað þar sem metin er hæfni nemenda og einnig frammistöðumat þar sem metin er lykilhæfni. Hvort tveggja er hugsað sem yfirlit og samantekt á vinnu annarinnar en nánara yfirlit á að vera hægt að nálgast með því að skoða verkefni sem hafa verið birt yfir önnina á Mentor/Námfsús. T.d. ef nemandi fær B í íslensku við annarskil þá getur yfirlit verkefna sýnt að hann standi sig mjög vel í málfræði (A), er í basli með ritun (C) en er í meðallagi bæði í tjáningu og stafsetningu (B). Samantekt og mat á þessum þáttum skýrir lokamatið B við annarskil.

Mat á hæfni

Í 3.-10. bekk er notaður matskvarði aðalnámskrár þ.e. A, B+, B, C+, C og D, en í 1. og 2. bekk er kvarðinn einfaldaður þ.e. notast er við fjögur tákn B+, B, C+ og C.

Hér að neðan má sjá hvaða merking liggur að baki bókstafa sem notaðir eru til að meta hæfni nemenda:


1.-2. bekkur	3. - 10. bekkur		
	A	Framúrskarandi	Nemandinn sýnir framúrskarandi hæfni miðað við matsviðmið.
B+	B+	Mjög góð hæfni	Nemandinn sýnir þá hæfni sem ætlast er til miðað við matsviðmið, auk þess sem hann hefur að hluta til sýnt framúrskarandi hæfni.
B	B	Hæfni náð	Nemandinn sýnir þá hæfni sem ætlast er til miðað við matsviðmið.
C+	C+	Á góðri leið	Nemandinn sýnir hluta af þeirri hæfni sem ætlast er til miðað við matsviðmið. Vantar herslumuninn upp á að hæfni sé náð.
C	C	Þarfnast þjálfunar	Nemandinn sýnir hluta af þeirri hæfni sem ætlast er til miðað við matsviðmið en þarfnast þjálfunar á ákveðnum sviðum.
	D	Hæfni ekki náð	Hæfni nemanda í námi nær ekki matsviðmiðum. Gera þarf grein fyrir hæfni nemanda út frá einstaklingsmiðaðri námskrá og áætlun.

Í aðalnámskrá grunnskóla má sjá sambærilegan mun milli matsviðmiða sem fylgja bókstöfunum.

A	Nemandi getur flutt mál sitt mjög skýrt og áheyrulega með viðeigandi talhraða, tónfalli og fasi og tjáð hugmyndir sínar og skoðanir með fjölbreyttum leiðum. Hlustað á talað mál og nýtt sér á sjálfstæðan hátt fjölbreytta hljóð- og myndmiðla til upplýsingar og afþreyingar, tekið gagnrýna afstöðu til þess sem þar er birt og miðlað innihaldi þess af öryggi . Lesið margvíslega texta af miklu öryggi og í mjög góðu flæði með aðferðum sem hæfa tilefni og aðstæðum. Lagt gott mat á og glöggvað sín
B	Nemandi getur flutt mál sitt skýrt og áheyrulega með viðeigandi talhraða, tónfalli og fasi og tjáð hugmyndir sínar og skoðanir með fjölbreyttum leiðum. Hlustað á talað mál og nýtt sér fjölbreytta hljóð- og myndmiðla til upplýsingar og afþreyingar, tekið afstöðu til þess sem þar er birt og miðlað innihaldi þess. Lesið margvíslega texta af öryggi og góðu flæði með aðferðum sem hæfa tilefni og aðstæðum. Lagt mat á og glöggvað sín á
C	Nemandi getur flutt mál sitt nokkuð skýrt og áheyrulega með viðeigandi talhraða, tónfalli og fasi og tjáð hugmyndir sínar og skoðanir að einhverju leyti . Hlustað á talað mál og nýtt sér hljóð- og myndmiðla til upplýsingar og afþreyingar, greint frá skoðun sinni á því sem þar er birt og miðlað innihaldi þess sæmilega . Lesið margvíslega texta af nokkru öryggi og í sæmilegu flæði með aðferðum sem hæfa tilefni og aðstæðum. Að einhverju leyti lagt mat á og glöggvað sín á stærðum efnastríði og heitt aðferða- bakkeru .

Námsmat B og allt þar yfir merkir að nemandi hefur náð nógu góðum tókum á efninu til að halda áfram í þyngra efni. Þetta er í samræmi við kröfur menntaskóla um að nemandi þurfi að vera með B til að komast inn á bók- eða verknámsbrautir (þrep 2) eins og komið er inn á kafla 9.5 í aðalnámskrá grunnskóla. Að sama skapi þýðir C að nemandi þarf að huga að upprifjun eða leggja meira á sig til að bæta stöðu sína. Við inntöku í menntaskóla þurfa nemendur sem útskrifast með C í flestum tilvikum að hefja nám á almennri braut (þrep 1)

áður en þeir komast á bók- eða verknámsbraut. Ef nemandi er að fá D, sérstaklega ítrekað D eða í mörgum fögum, þá þarf að skoða hvort nemandinn þurfi að fá aðlagð námsefni.



Mat á lykilhæfni

Hegðun, samskiptum og vinnusemi á ekki að blanda við hæfni nemenda en engu að síður mikilvægt að koma skilaboðum um mat á þessum þáttum til nemenda og foreldra. Þættir sem skólinn metur eru unnir upp úr lykilhæfni aðalnámskrár og við mat á lykilhæfni er eftirfarandi „rúbrikka“ höfð til hliðsjónar:

	✓	○	✗
Vinnubrögð og ábyrgð á eigin námi			
Frumkvæði	Gengur vel	Gengur ágætlega	Gengur ekki nógu vel
Sjálfstæði			
Vandvirkni			
Vinnusemi			
Upplýsingaöflun			
Meðferð heimilda			
Skilvísni			
Skipulag			
Samvinna/samskipti			
Kurteisi	Gengur vel	Gengur ágætlega	Gengur ekki nógu vel
Samvinna			
Tillitssemi			
Umgengni			
Virðing			

Innra mat á árangri og gæðum

Nokkrum sinnum yfir skólaárið er gerð könnun á líðan og viðhorfum nemenda í 6. – 10. bekk og er það Skólapúlsinn sem framkvæmir þá könnun. Þar fáum við mikilvægan samanburð við aðra sambærilega skóla á landinu. Skólapúlsinn leggur viðhorfakönnun fyrir foreldra annað hvert ár, jafnframt því sem hann kannar viðhorf starfsmanna skólans. Auk þess eru óreglulega lagðar kannanir fyrir nemendur, foreldra eða starfsmenn varðandi ýmsa þætti skólastarfsins. Í tengslum við réttindaskóla UNICEF þá hefur Snælandsskóli aukið aðkomu nemenda að mati á skólastarfinu m.a. í gegnum skólaþing nemenda þar sem litlir hópar nemenda á ólíkum aldri ræða ýmis mál er snerta nám og félagslíf. Almennt er innra mati skólans ætlað að horfa til náms, kennslu, stjórnunar og skipulags, mannauðs og skólabrags og setur skólinn fram þriggja ára áætlanir í senn sem ná til þessara þátta.

Áætlanir um umbætur og þróunarstarf

Umbætur í skólastarfinu næstu ár snúa að því að uppfæra læsisáætlun skólans, skoða og vinna með gæði kennslustunda, nýta gervigreind í skólastarfinu og marka stefnu um notkun hennar sem nær bæði tilstarfsfólks og nemenda. Þá eru kennarar og stjórnendur í Snælandsskóla að prófa nýtt námsumsjónarkerfi sem gæti tekið við af Mentor. Mat verður lagt á þá vinnu í samráði við menntasvið Kópavogs og aðra skóla í Kópavogi, sem einnig eru að prófa kerfið, þegar prófun er lokið. Einnig verður áfram lögð áhersla á leiðsagnarnám og teymiskennslu við skólann og er markmiðið að gera gott betra í þeim efnum.

Samstarf heimila og skóla, upplýsingarmiðlun

Umsjónarkennari hefur það hlutverk er að vera í samskiptum við foreldra um þau mál er snerta einstaka nemendur, heimanám og annað sem snýr að starfi árgangsins. Boðið er upp á foreldraviðtöl tvisvar yfir skólaárið en umsjónarkennari og foreldrar geta einnig haft samband símleiðis eða með tölvupósti eftir atvikum.

Mikilvægt er að foreldrar fylgist með námi barna sinna og sýni því stuðning. Þeir sýni áhuga á námi barna sinna og tali jákvætt um skólann og mikilvægi náms. Foreldrar bera ábyrgð á börnum sínum, hegðun þeirra, heimanámi og á að setja þeim almennar reglur og mörk. Foreldrar þurfa að vera reiðubúnir til aðstoðar þegar erfiðleikar koma upp í samskiptum barnanna í skólanum. Þeir þurfa að gæta þess að upplýsa kennara um allar breytingar á aðstæðum nemenda sem geta haft áhrif á líðan þeirra í skólanum.

Í upphafi skólaársins er haustkynning þar sem farið er yfir starfið og áherslur í hverjum árgangi. Yfir veturinn er Mentor notað sem námsumsjónarkerfi og þar geta foreldrar nálgast upplýsingar sem snúa að námi og ástundun barna sinna. Vikulega senda umsjónarkennarar fréttabréf til foreldra þar sem farið er yfir viðburði liðinnar viku sem og tilkynningar eða áherslur fyrir komandi viku. Þá heldur skólinn úti heimasíðu og Facebook síðu þar sem birtar eru fréttir úr skólastarfinu og aðrar tilkynningar. Sérstök fræðsla um skólamál er fyrir foreldra yngstu barnanna vorið áður en börnin koma í skólann. Skólaráð fundar reglulega með skólastjórnendum, en þar eru bæðu fulltrúar foreldra og nærsamfélagsins. Starf foreldrafélags og bekkjarfulltrúa er svo skipulagt af foreldrum. Árgangafulltrúar, í samráði við aðra foreldra, taka ákvörðun um og annast skipulagningu stærri ferða sem kostaðar eru af foreldrum svo sem útskriftarferðar nemenda í 10. bekk og ferða sem skv. hefð eru farnar í 7. og 9. bekk á Reyki og Vindáshlíð.

Samstarf leikskóla og framhaldsskóla, móttöku- og tilfærsluáætlun

Unnið er markvisst að því að gera börnum að fara úr leikskólunum í hverfinu yfir í Snælandsskóla. Móttöku- og tilfærsluáætlun Snælandsskóla felur m.a. í sér skólaheimsóknir bæði á haust- og vorönn þar sem deildarstjóri yngsta stigs tekur á móti leikskólahópum og sýnir þeim skólann. Einnig fara nemendur í 1. bekk í heimsókn í gamla leikskólann sinn með bók í farteskinu til að gefa skólahópnum. Bókin hefur að geyma verkefni nemenda um það sem gert er í skólanum.

Vætanlegir nemendur í 1. bekk, sem hafa verið innritaðir í Snælandsskóla að vori, fá boð um að koma í *Vorskóla* í maí. Þá fara nemendurnir inn í 1. bekk og dvelja þar í um tvær kennslustundir á meðan fram fer kynning fyrir foreldra á skólanum og stoðþjónustu hans. Markmiðið með skólaheimsóknunum og vorskólanum er að kynna leikskólanemendum grunnskólann og auðvelda þeim aðlögun að breytingum sem verða við skólaskiptin, en einnig að kynna grunnskólann fyrir foreldrum leikskólabarnanna.

Í Snælandsskóla er reynt eftir megni að kynna 10. bekkjum þær námsleiðir sem til boða standa að loknum grunnskóla. Námsráðgjafi tekur einstaklingsviðtöl við alla nemendur og skipuleggur kynningar í samráði við deildarstjóra unglingastigs. Þá hefur MK boðið nemendum í 10. bekk kynningu þar sem farið er yfir starfsemi og brautir skólans sem og inntökuskilyrði

Námsráðgjafi skólans er í reglulegu sambandi við námsráðgjafa annarra framhaldsskóla til að geta sem best upplýst nemendur Snælandsskóla um allt er þá fýsir að vita um starfsemi þeirra.

Á hverju ári stunda nokkrir nemendur fjarnám í tungumálum við VÍ sem hluta af vali sínu við skólann.

Þegar nýr nemandi er skráður í skólann býðst honum og foreldrum hans að koma í heimsókn í skólann ef þeir óska þess. Deildarstjórar taka á móti þeim og kynna skólastarfið og sýna þeim aðstöðuna. Móttökuáætlun fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku hefur verið gefin út fyrir leik- og grunnskóla í Kópavogi og vinnur Snælandsskóli samkvæmt þeirri áætlun.

Tengsl skóla við nærsamfélagið og hvernig nýta má það til náms og þroska

Snælandsskóli er staðsettur í Fossvogsdalnum miðjum. Nágrenni skólans einkennist af fjölbreyttri náttúru. Þar má m.a. finna skógrækt, skólagarða, fjöru í Fossvogi, strönd í

Nauthólsvík, læk sem rennur eftir Fossvogsdalnum og laxveiðiá sem er í Elliðaárdal. Frá skólanum má ganga út á Seltjarnarnes og upp í Heiðmörk án þess að fara yfir götu.

Skólinn er í samstarfi við leikskóla hverfisins og einnig nokkur fyrirtæki varðandi starfstengt nám nemenda í 9. og 10. bekk. Nemendur í starfstengdu námi fara nokkrar stundir á viku og starfa í fyrirtækjum eða leikskóla í hverfinu og aðstoða við umönnun barnanna þar. Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins hefur heimsótt Snælandsskóla árlega og rætt við og frætt nemendur 3. bekkjar um brunavarnir og starfsemi slökkviliðsins. Þá hefur samfélagslögregla í Kópavogi heimsótt skólann þegar þess er óskað.

Áætlanir

Á heimasíðu skólans aðgengilegar áætlanir sem skólinn hefur sett fram og þar á meðal eru áætlanir um:

- fíknivarnir
- einelti og annað ofbeldi
- öryggis- og slysavarnir
- jafnrétti og mannréttindi
- áföll
- agamál og skólareglur.